

REGLUGERÐ

um (9.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanapjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni, skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 32.513 í stað kr. 30.386.

Í 6. gr. komi kr. 32.513 í stað kr. 30.386.

Í 10. gr. komi kr. 32.513 í stað kr. 24.412.

Í 14. gr. komi kr. 32.513 í stað kr. 24.412.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. september 2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. ágúst 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

SAMÞYKKT

um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Skorradalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps annast eða býður út sorphirðu í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn hreppsnefndar og er háð eftirliti heilbrigðiseftirlits.

2. gr.

Ábúendur lögbýla, eigendur sumarbústaða, íbúða og hjólhýsa, sem notuð eru sem sumarbústaðir og fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma sorpi í gáma sem sveitarfélagið tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

3. gr.

Í sorpgáma má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Óheimilt er að setja í gámana mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku. Spilliefnum skal skila á viðurkenndan móttökustað.

4. gr.

Allt sorp sem fellur undir 3. gr. skal koma með á afmarkað svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðiseftirlits. Undanþegin eru þó spilliefni sem skila verður á viðurkenndan móttökustað.

5. gr.

Sorphirða samkvæmt 4. gr. greiðist af hreppssjóði. Þó er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorpörgunar- og sorpeyðingargjald) samkvæmt gjaldskrá sem Skorradals-

hreppur setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sorphirðugjaldið skal lagt á hverja þá fasteign eða svæði, sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og umfang starfsemi. Skorradalshreppur skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

6. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðiseftirlits eða oddvita hreppsins.

7. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og/eða geymslu sorps skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar eða heilbrigðiseftirlits, sem gerir viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Óheimilt er sorphirðumönnum eða öðrum að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Skorradalshrepps er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 24. ágúst 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. september 2000 að telja um 0,7% frá því sem þær voru í ágúst 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. ágúst 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.